

25. Fundur bæjarráðs Blönduósbæjar þriðjudaginn 22. mars 2011, kl. 14:30.

Formaður bæjarráðs, Kári Kárason setti fundinn. Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Rekstur Blönduósbæjar jan-feb 2011**
 - 2. Sundlaugarskýrsla – Sundlaugarhópur gerir grein fyrir skýrslunni**
 - 3. Opnunartími sundlaugar**
 - 4. Fundargerðir:**
 - a) Stjórnar SSNV 15. mars 2011**
 - b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. febrúar 2011**
 - c) Félags-og skólaþjónusta 9. mars 2011**
 - 5. Aðalfundur Veiðifélags Laxár á Ásum**
 - 6. Aðalfundur Vilko ehf.**
 - 7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 9. mars 2011**
 - 8. Sumarafleysing á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar**
 - 9. Atvinnumál**
 - 10. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

Fulltrúi S-listans gerir athugasemd við boðun fundarins með sólahringsfyrirvara.

1. Rekstur Blönduósbæjar jan-feb 2011

Fjármálastjóri mætti á fundinn og gerði grein fyrir rekstri Blönduósbæjar fyrstu tvo mánuði ársins.

Fjármálastjóri og bæjarstjóri kynntu þær aðgerðir sem gripið hefur verið til í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2011. Farið var m.a. yfir skipulagsbreytingar milli grunnskólans og íþróttamannvirkis.

2. Sundlaugarskýrsla – Sundlaugarhópur gerir grein fyrir skýrslunni

Sundlaugarhópur, Ágúst Þór Bragason, Guðmundur Haraldsson, Stefán Árnason og Valgarður Hilmarsson mættu á fundinn.

Sundlaugarhópur lagði fram skýrslu um framkvæmd byggingar við Íþróttamiðstöðina á Blönduósi. Framkvæmdirnar fóru fram á árunum 2007-2010. Framkvæmdakostnaður er um 520 m.kr. Sundlaugarhópurinn gerði grein fyrir

framkvæmdinni og skiptingu einstakra verkþætta og fóru yfir frávik sem orðið höfðu á verkinu.

Bæjarráð þakkar Sundlaugarhópnum fyrir skýrsluna.

3. Opnunartími sundlaugar

Bæjarráð ræddi opnunartíma Sundlaugarinnar á Blönduósi. Bæjarráð samþykkti tillögu forstöðumanns Íþróttamannvirkja að páskaopnun sundlaugarinnar verði með eftirfarandi hætti:

Skírdagur - 10:00-16:00

Föstudagurinn langi – lokað

Laugardagur - 10:00-16:00

Páskadag – lokað

Annar í páskum – 10:00-16:00

Jafnframt ræddi bæjarráð opnun sundlaugar sumarið 2011. Bæjarráð fól bæjarstjóra að koma með tillögur að opnun sundlaugar í samráði við forstöðumann Íþróttamiðstöðvar á næsta fund bæjarráðs.

4. Fundargerðir:

a) Stjórnar SSNV 15. mars 2011

Bæjarráð tekur undir ályktun stjórnar SSNV sem hljóðar svo: „Stjórn SSNV ítrekar fyrri ályktanir sem og ályktun 18. ársþings SSNV um að lögum samkvæmt fara sveitarfélögin með skipulagsvaldið. Stjórnin skorar á öll sveitarfélög landsins að standa saman vörð um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga í skipulagsmálum. Stjórnin beinir því til alþingismanna að leggjast gegn öllum áformum um lagasetningu sem ganga gegn þeim rétti. Stjórnin lýsir undrun á framgöngu Akureyrarbæjar í umfjöllun um lagningu svonefndar Svínvatnsleiðar/Húnavallaleiðar sem gengur freklega gegn rétti og hagsmunum viðkomandi sveitarfélaga og lesa má í fundargerð bæjarráðs Akureyrarbæjar frá 10. mars 2011.“

Lögð fram til kynningar

b) Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. febrúar 2011

Lögð fram til kynningar

c) Félags-og skólaþjónusta 9. mars 2011

Lögð fram til kynningar

5. Aðalfundur Veiðifélags Laxár á Ásum

Aðalfundur Veiðifélags Laxár á Ásum verður haldinn í sal Samstöðu Þverbraut 1 Blönduósi sunnudaginn 27. mars 2011 kl. 13:00. Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson mætir á fundinn og fer með atkvæði bæjarins f.h. Blönduósbæjar.

6. Aðalfundur Vilko ehf.

Aðalfundur Vilko ehf. verður haldinn 24. mars 2011 kl. 15:00. Bæjarráð felur Zophoníasi Ara Lárussyni að mæta á fundinn og fer með atkvæði bæjarins f.h. Blönduósbæjar.

7. Bréf frá Þjóðskrá Íslands frá 9. mars 2011

Þjóðaratkvæðagreiðsla um Icesave verður haldin 9. apríl n.k. Taka skal á kjörskrá alla þá sem skráðir voru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Samkvæmt því verða menn á kjörskrá í því sveitarfélagi þar sem þeir eru skráðir með lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár laugardaginn 19. mars.

Lagt fram til kynningar.

8. Sumarafleysing á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar

Bæjarráð samþykkir að fela fjármálastjóra að ráða í starf við sumarafleysingu 2011 á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar.

9. Atvinnumál

Umræður urðu um byggðakvóta í sveitarfélaginu. Það er erfiðleikum bundið að fá kvóta til að leggja fram á móti byggðakvótanum. Bæjarstjóri hefur óskað eftir fundi með sjávarútvegsráðherra til að ræða þetta mál.

10. Önnur mál

- 1. Bæjarstjóri kynnti umsókn um leikskólavist utan lögheimilissveitarfélags.*
- 2. Bæjarráð samþykkir greiðslur vegna leikskólavistar utan lögheimilissveitarfélags frá 1. apríl 2011 til 1. júní 2011.*
- 3. Bæjarstjóri kynnti úrskurð innanríkisráðuneytisins í máli Kráks ehf. gegn Blönduósbæ. Zophonías Ari Lárusson vék af fundi undir þessum lið.*

Lagt fram til kynningar.

Bæjarstjóri Akureyrarbæjar hefur óskað eftir fundi með fulltrúum Blönduósbæjar og Húnavatnshrepps til að ræða hugmynd Vegagerðinnar um nýjan stofnveg svonefnda Húnavallaleið í tölvupósti dags. föstudaginn 18. mars 2011.

Bæjarstjóri Blönduósbæjar og sveitarstjóri Húnavatnshrepps hafa boðið fulltrúum Akureyrarbæjar að koma til fundar í fyrstu viku aprílmánaðar.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið 18:35

*Kári kárason (sign.)
Oddný M. Gunnarsdóttir (sign.)
Zophonías Ari Lárusson (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)